

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 973 (14.1.2021) - Snjómokstursútboð 2021-2024

Málsnúmer : 201911019

Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 14.01.2021

Inngangur : Lagður fram til staðfestingar samningur um snjómokstur og hálkuvarnir á Dalvík 2021-2024 við Steypustöðina Dalvík ehf. Verktíminn hefst strax við undirritun samnings og er til 15. maí 2024 með möguleika að framlengja samningstímann um tvö ár með samþykki beggja aðila en þó aðeins til eins árs í senn.

Samkvæmt bréfi Ríkiskaupa, dagsett þann 11. janúar 2021, þá var bjóðendum tilkynnt þann 29. desember 2020 að ákveðið var að velja tilboð frá Steypustöðinni Dalvík.

Niðurstaða : Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við ofangreind samningsdrög eins og þau liggja fyrir og vísar þeim til sveitarstjórnar.